



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmdir og viðhald

Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að úrbætur verði gerðar á gangbraut við Úlfarsbraut á móts við íþróttahús Fram.

- Bæta þarf lýsingu við gangbrautina og gera ráðstafanir til að draga úr hraðakstri við hana, t.d. setja hraðamælingaskilti þar upp að nýju.
- Jafnframt er æskilegt að setja upp grind fyrir neðan tröppur, sem liggja að umræddri gangbraut.
- Um er að ræða helstu aðkomuleið barna og unglinga úr hinu ört vaxandi íbúðarhverfi í Úlfarsárdal niður að íþróttasvæði Fram og Dalslaug

Svar við fyrirspurn

Úrbætur á lýsingu við gangbraut við Úlfarsbraut er á verkefnalista vertaka sem er að vinna að yfirborðsfrágangi á svæðinu.

Við Úlfarsbraut eru hraðaviðvörðunarskilti, en að auki er hraðahindrun sem er betri aðgerð til að tryggja umferðaöryggi.

Ekki verður farið í að setja upp grind fyrir neðan tröppurnar þar sem þær eru aðgengishindrun fyrir gangandi/hjólandi/sjónskerta. Grindur eru fyrst og fremst neyðaraðgerð þar sem komið er mjög hratt fyrir blindhorn, sem er ekki tilfellið á þessu svæði.

Virðingarfyllst,

Umhverfis- og skipulagssvið

Skrifstofa framkvæmdir og viðhald